

Starfsáætlun leikskólans

Norðurbergs

2023-2024



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðsluviðs fyrir 20. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.



Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	9
2.1 Innra mat leikskólans.....	9
2.2 Húsnæði og lóð.....	9
2.3 Ytra mat /umbótaáætlun	10
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	11
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	11
4. Starfsmannamál	12
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	12
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	12
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	12
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	13
5. Aðrar upplýsingar	14
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	14
5.2 Foreldrasamvinna.....	14
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	15
5.4 Almennar upplýsingar	15
5.5 Áætlanir	16
Fylgirit.....	17

- Leikskóladagatal 2023-2024
- Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024
- Umsókn um Grænfána
- Umsögn Landverndar um Grænfána 2023
- Jafnréttisáætlun 2019-2023
- Umsögn/samþykkt foreldraráðs v/starfsáætlunar 2023-2024/kemur í ágúst

1. Inngangur

Hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h

Starfsárið 2022-2023 gekk almennt vel yfir árið þó við höfum þurft að mæta nokkrum áskorunum sem okkur tókst að leysa og það farsælega.

Það urðu nokkrar mannabreytingar strax um haustið. Nýr sérkennslustjóri var ráðin og var það ein úr deildarstjórahópnum, með master í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á fjölmenningu og tvítyngi frá HÍ, sem var ráðin í stöðu sérkennslustjóra. Engin leikskólakennari sótti um deildarstjórastöðuna sem losnaði í kjölfarið. Að lokum hvatti ég nema, hjá okkur, á sjötta ári í leikskólakennarafræðum frá HÍ að sækja um sem hún og gerði og réði ég hana í deildarstjórastöðuna.

Nýráðnir starfsmenn (á yngstu deildarnar tvær) komu ekki inn fyrr en í lok ágúst og byrjun september sem þýddi að seinni hópurinn í aðlögun yngstu barnanna kom seinna inn en venjulega. Aðstoðarleikskólustjóri ásamt afleysingum, tóku að sér að dekla þessar ómönnuðu stöður tímabundið. Í lok ágúst fór deildarstjóri á annarri yngri deildinni í veikindaleyfi fram að áramótum vegna slyss í fjölskyldunni. Hún kom svo hægt og rólega inn eftir áramótin og var komin í sitt fulla stöðugildi 1. apríl 2023. Aðstoðarleikskólustjóri fór inn á deildina í kjölfarið, sem stuðningur við starfsmenn og til að dekla styttingar og undirbúningstíma starfsmanna deildarinnar. Leikskólakennari sem var fyrir á sömu deild tók stöðu deildarstjóra fram til áramóta.

Háskólamenntaður starfsmaður, sem starfaði sem aðstoðarmaður matreiðslumanns í eldhúsinu 2021-2022, var ráðin sem stuðningur á annarri miðdeildinni og gekk fljótt og vel að ráða nýjan starfsmann í eldhúsið.

Strax um haustið verður mikið um almenn veikindi á börnum og starfsmönnum og það má segja að það hafi haldist út allt starfsárið og höfðum við á Norðurbergi ekki kynnst öðru eins í gegnum árin. Við höfum trú á því að þetta hafi verið sérstakur vetur eftir covid, við erum allt í einu hætt að verja okkur og farin að umgangast fólk eins og venjulega en erum þá líklega óvarin fyrir ýmsum kvillum eftir einangrun covid árana. Þetta er okkar skoðun, auðvitað, engin vísindi þar á bakvið. Þessi almennu veikindi komu ofan í lengri tíma veikindi 4 starfsmanna sem dreifðust yfir árið, hver og einn í 3 vikur og fleiri. En okkur tókst þó að halda starfsemi nokkurn vegin vel gangandi, lögðum okkur fram um að allir fengju sínar styttingar og vetrarleyfi. Við þurftum ekki oft að grípa til faliðunareglunnar, sem betur fer, en það gerðist þó. Það er mínu frábæra samstarfsfólki að þakka, sem vinnur að metnaði og heilindum og skilar sínu framlagi eins vel og hægt er hverju sinni. Leggur sig alltaf fram í sinni vinnu.

Liðið skólaár var líka ár umbreytingar, eiginlega byltingar, þegar samþykkt var að fara í 36 stunda vinnuviku fyrir allt starfsfólk leikskólans í desember 2022. Kennarar í FL og háskólamenntaðir starfsmenn safna þessum tímum upp í betri vinnutíma (jólaleyfi, vetrarleyfi, páskaleyfi og lengri sumarleyfi) og aðrir starfsmenn, Hlífar starfsmenn ásamt stjórnendum, taka út vikulega styttingu eða á tveggja vikna fresti. Þessi breyting á vinnutímafyrirkomulagi FL og háskólamenntaðra fór illa í

Hlífarstarfsmenn og var titringur hér á milli manna eins og annarsstaðar. Það er bara vel skiljanlegt þar sem engin umræða eða samræða átti sér stað á undan og kynningin hefði mátt vera betri og kannski fara rólegra af stað í svona mikla breytingu. En sem betur fer stóð það ekki lengi og hafði engin áhrif á þann góða starfsanda sem hér ríkir. Ég undirrituð, aðstoðarleikskólastjóri og trúnaðarmenn starfsmanna leikskólans áttum góð samtöl, virtum skoðanir hvor annarra og reyndum hvað við gátum til að vanda okkur í stöðunni sem upp var komin. Hér á Norðurbergi er meirihluti í starfsmanna í FL og því var auðvelt að leysa vikulegu styttingu annarra starfsmanna. Við þurftum líka að semja við FL hópinn um að þeir færu alltaf út í tveimur hollum þar sem við gætum aldrei dekkað stöður kennarahópsins ef allir færu í leyfi á sama tíma.

Eftir þessa reynslu frá áramótum þá hefur gengið vel að leysa af stöður kennara í betri vinnutíma en það hefði aldrei gengið nema eiga gott samtal við aðra starfsmenn í leikskólanum, semja um styttingar og að stjórnendur leikskólans gengu í störf kennara í leyfi. Sumarið verður síðan endurskoðað fyrir næsta ár.

Í starfsmannasamtölum, sem voru tekin í maí/júní 2023, kom fram að flestum líður vel á vinnustaðnum þrátt fyrir allt og eru starfsmenn almennt sáttir með liðið skólaár.

Í samtölunum kom fram almenn ánægja í starfi, starfsmönnum þykir góður starfsandi ríkja á vinnustaðnum og að samvinna, virðing og gleði séu ríkjandi (sjá kannanir). Starfsmenn eru stoltir af því að vinna á Norðurbergi og þykir vænt um vinnustaðinn sinn, samstarfsfélaga og börn. Þeir upplifa mikinn metnað samstarfsfélaga fyrir faglegu starfi og eru alltaf tilbúnir að þróa nýjar leiðir til þess að bæta starfið og sína eigin líðan og samstarfsfélaga sína. Einnig kom fram að vinnustaðurinn sem slíkur væri aðlaðandi og umhverfið fallett. Þessi sama ánægja kom fram í Starfsmannapúlsinum/könnun sem skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs lagði fyrir starfsmenn leikskóla Hafnarfjarðar í apríl 2023 og í könnun, Prósent, sem bæjarstjórn lagði fyrir alla starfsmenn bæjarins í febrúar-mars 2023. Sjá drög af umbótaáætlun í fylgiskjali.

Á Norðurbergi er almennt stöðugur starfsmannahópur, hópur sem hefur unnið lengi saman í leikskólanum. Meirihluti starfsmanna eru vel menntaðir; 14 leikskólakennarar, 3 grunnskólakennarar, 6 með aðra háskólamenntun, matreiðslumaður og svo erum við með tryggja starfsmenn með ólíka menntun sem hafa unnið hér lengi og eru komnir með mikla reynslu í starfi. Einn starfsmaður lauk mastersnámi í vor samhliða vinnu og er kominn með starfsleyfi sem kennari. Annar starfsmaður lauk B.ed. gráðu samhliða vinnu og ætlar að taka leyfi frá skóla í vetur og einbeita sér að vinnunni sem deildarstjóri. Einn starfsmaður lauk leikskólalíðanámi, samhliða vinnu, í vetur og stefnir á frekari nám í framtíðinni.

Nýráðningar á þessu hausti verða þrjár-fjórar og er þegar búið að ganga frá tveimur ráðningum, einn grunnskólakennari og einn starfsmaður með master í sálfræði. Það gengur að öðru leyti illa að ráða starfsfólk og engin leikskólakennari hefur brugðist við auglýsingu um kennarastöðu sem eru vonbrigði. Hér sárvantar einnig í stöðu þroskaþjálfara, þetta er fyrsta skólaárið í um 15 ár sem ekki starfar þroskaþjálfari við leikskólann og er það miður.

Starfslok urðu hjá þremur samstarfsfélögum, leikskólakennari, myndlistarkennari og þroskaþjálfari, í vor. Þeirra verður sárt saknað, góðir vinir og vinnufélagar til margra ára. Við þökkum þeim fyrir öll árin og þeirra framlag með góðri veislu í leikskólanum.

Eftir **endurmat starfsmanna** á innra starfi leikskólans, jafnt og þétt yfir veturinn, verða ekki margar sameiginlegar breytingar á skólastarfinu eða á skóladagatalinu á næsta ári heldur eingöngu minniháttar breytingar á starfinu og þá mest innan hvernar deildar. Reyndar voru báðar yngri deildarnar sammála um að **kveðja jólin** (brettándagleðin) framvegis í Kastala (salurinn okkar), ekki við eldstæðið, syngja nokkur jólalög og slökkva formlega á jólatrénu. Eldri deildarnar halda áfram að hittast við eldstæðið og kveðja gamla árið og fagna því nýja með söng og gleði undir berum himni.

Starfsmenn eru að öllu jöfnu ánægðir með sameiginleg verkefni leikskólans og starfið eins og það er og er stefnt að því að halda stefnunni og gera vel. Á næsta skólaári ætlum við að vinna vel í þeim verkefnum sem eru fyrir, liðið ár var mikið veikindaár og mikil orka fór í skipulagið á starfinu vegna breytingar á vinnutíma allra starfsmanna. Við stefnum á að vera hér og nú og njóta þessa að vera ekki með auka verkefni ofan í okkar góða skólastarf sem fyrir er.

Á fyrsta **starfsmannafundi í ágúst** og í kjölfarið á fyrsta deildarfundum verður **farið yfir starfsáætlun 2023-2024** og þær litlu breytingar sem eru á henni með öllum starfsmönnum leikskólans. Einnig verður farið yfir **umbótaáætlun úr starfsmannakönnun og samtölum** frá því í vor 2023, sjá fylgiskjöl.

Helsta áherslan á næsta skólaári verður að vinna í þeim verkefnum sem eru föst í skipulaginu nú þegar. Að auki leggjum við áherslu á eftirfarandi verkefni:

Við munum vinna með og festa í sessi Grænfánaverkefnið lýðheilsu og þá sérlega hreyfingu, jóga, hugleiðslu og slökun. Ekki bara í barnahópnum heldur líka í starfsmannahópnum.

Við ætlum að vinna með jákvæð samskipti, innleiða ákveðna aðferðafræði sem bætir samskipti starfsmanna við ákveðið barn/börn. Þetta var verkefni sem nemi í master innleiddi, lokaverkefni, meðal elstu barnanna og höfum við mikla trú á þessa aðferðafræði og viljum deila henni með öllum starfsmönnum leikskólans. Þetta fléttast vel inn í hugmyndafræði Að næra hjartað og PMT sem við vinnum eftir hér á Norðurbergi.

Við ætlum að gefa góðan tíma í að fínstillast allt vinnufyrirkomulag í kringum breyttan vinnutíma allra starfsmanna, endurskipuleggja allt starf með börnunum þegar félagar í FL eru í betri vinnutíma, endurmeta sumarið í ár og skipuleggja sumarleyfi næsta árs með það í huga.

Eftirfarandi kom fram hjá deildum, tekið úr endurmati og samtölum við starfsmenn:

- Endurskipuleggja vinnuna í kringum Gefa 10 svo það fjari ekki út. Byrja strax á þeim börnum sem ekki eru með íslensku sem aðalmál.
- Bæta við nýjum verkefnum í tengslum við Lubba. Koma upp boxum þar sem í verða hlutir sem tengjast stöfum/málhljóðum í Lubba vinnunni. Elstu börnin fara með dagbók og Lubba heim einu sinni í viku (hafa gert það í mörg ár) og næsta vetur bæta kennarar málhljóði vikunnar í dagbókina svo barna og foreldri geti unnið með það.
- Passa upp á að lesstundir inni á deildum fjari ekki út. Skoða tímasetningar sem henta best.
- Festa í sessi Flæðislestur fyrir yngstu börnin.
- Kynna nýtt efni sem sett er í spjaltdölvurnar fyrir öllum starfsmönnum.
- Bæta upplýsingaflæði inni á deild.
- Yngstu börnin kveðja jólin í Kastala, syngja nokkur jólalög og slökkva á jólatrénu.
- Hækka vask upp fyrir fullorðna í Listasmiðju.

- Laga útvistarsvæðið í Lundi.
- Skoða hækkun á stöðugildi eldhúss í Lundi, er 25% í dag.

Þetta er það sem kom fram í ósk á umbótum úr starfsmannasamtölum og endurmati og svo var eitt og annað sem hver og ein deild hefur ákveðið að laga inni hjá sér og verður ekki tínt upp hér. Ítarlegri umfjöllun má svo finna í umbótaáætlun leikskólans.

Í starfsáætlun fyrir 2022-2023 lögðum við sérstaka áherslu á eftirfarandi:

- Kjósa í þverfaglega nefnd til þess að vinna í að uppfæra **Skólanámskrá leikskólans**. Kosið verður í nefndina á fyrsta haustfundi starfsmanna, 2022.
- Gefa út nýtt **Skóladagatal vor 2022**.
- Gefa út nýja **Starfsáætlun í júlí 2022/ drög send á skrifstofu mennta- og lýðheilsuviðs**.
- Gefa út **umbótaáætlun byggða á starfsmannakönnun og starfsmannasamtölum** í júlí 2022.
- Gefa út **umbótaáætlun byggða á foreldrakönnun og samtölum** í júlí 2022.
- Sækja um **nýjan Grænfána, þann tíunda, vor 2023**. Verkefnavinna unnin yfir veturinn og þá mest frá áramótum fram að vori.
- **Eftirfylgni og þróun á aðferðafræði Snemmtækrar íhlutunar í málörvun leikskólabarna (STÍM)**. Styðjumst fyrst og fremst við handbók leikskólans og farið yfir áherslurnar í STÍM með nýju starfsfólki. Áhersla verður lögð á að auka enn frekar á öryggi og virkni allra starfsmanna þegar kemur að málörvun barna í öllum daglegum aðstæðum og að því að sníða verkferla STÍM að nýju vinnulagi BRÚAR-innar.
- **Endurmat á móttökuáætlun leikskólans. Aðstoðarleikskólastjóri verður í ábyrgð ásamt matsteymi sem verður samsett af öllum deildarstjórum leikskólans**. Starfsmenn leikskólans fá síðan tækifæri til að koma með sínar hugleiðingar, athugasemdir þegar matsteymið kallar eftir því.
- **Skipuleggja alla nefndarfundi fyrir skólaárið 2022-2023 um haustið 2022/aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð.**

Endurmat:

Okkur tókst ekki að gefa endanlega út Skólanámskránnu, því miður.

Útgáfa á starfsáætlun og skóladagtali gekk eftir á réttum tíma fyrir sumarleyfi.

Vinnan við að sækja um 10. Grænfánann gekk vel og var þemað í ár lýðheilsa. Við innleiddum skipulagða hreyfingu, jóga, hugleiðslu og slökun bæði fyrir börn og starfsmenn. Ótrúlega skemmtileg vinna, sjá skýrslu í fylgiskjali.

Eftirfylgni á verkefninu „Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna“ fór af stað um haustið.

Vinnan verður alltaf auðveldari og auðveldari enda þekkja starfsmenn orðið aðferðafræðina og flestir búnir að tileinka sér vinnubrögð STÍM. Núna í framhaldi leggjum við áherslu á að nýir starfsmenn fái góða kynningu á vinnubrögðum STÍM og er það í ábyrgð deildarstjóra og stjórnenda leikskólans að svo verði. Aðstoðarleikskólastjóri fylgir nýjum starfsmanni eftir þegar hópastarf hefst á haustin.

Endurmat á móttökuáætlun leikskólans undir stjórn aðstoðarleikskólastjóra gekk vel og kláraðist að mestu. Frágangur og yfirlestur verður í ágúst og stefnt að útgáfu í kjölfarið.

Við vorum beðin að taka þátt í **innleiðingu á Laufinu** haustið 2022. Laufi er síða sem heldur utan um umhverfisstefnu og umhverfisvinnu fyrirtækja. Mjög spennandi fyrir alla starfsemi leikskólans til framtíðar.

Það má segja að liðið skólaár hafi gengið almennt vel í þróun á námi barnanna og innleiðingu á nýbreytni í skólastarfinu og í starfsmannahaldi og þá fram að áramótum. Almenn veikindi, óvenju mikil veikindi, herjuðu á starfsmenn og börn strax frá hausti og hélt áfram fram yfir páska.

Það má segja að mikil þreyta hafi verið komið í mannskapinn undir vorið vegna fjarvista starfsmanna og vegna orkunnar sem fór í að breyta vinnutímafyrirkomulagi í 36 stunda vinnuviku. En við viljum trúa því að næsta skólaár verði minna átakaár, ár núvitundar og áhersla á vellíðan starfsmanna.

Að lokum vil ég þakka mínum frábæru samstarfsfélögum, fyrir metnaðarfulla og faglega vinnu við uppeldi og menntun barna leikskólans. Ég vil þakka þeim hollustuna og væntumþykjuna fyrir vinnustaðnum okkar og einbeittan vilja að öllum líði hér vel og þyki gott að koma til vinnu á hverjum degi. Ég vil ekki síður þakka öllum sem komu að 40 ára starfsafmæli leikskólans sem haldið var 1. desember 2022, stórkostlegur dagur í alla staði og allir svo sáttir. Mikið fjör og mikil gleði.

Hér á Norðurbergi er öflugt starfsfólk, öflugt teymi sem ætlar sér að láta verkefnin ganga upp með það að leiðarljósi að bæta líðan og þroska barnanna og styrkja faglega stöðu leikskólans. Það tókst að mörgu leiti vel á liðnu ári, þrátt fyrir margar og strangar áskoranir.

Fyrir hönd starfsmanna leikskólans,
Anna Borg Harðardóttir, leikskólastjóri

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

- **Hvaða þættir leikskólastarfsins voru metnir?**

Starfsmenn deilda gera mat á starfsemi/skóladagatali leikskólans jafnt og þétt yfir skólaárið 2022-2023. Lögð var áhersla á að meta starfið jafn óðum á starfsmannafundum og á skipulagsdögum yfir allt skólaárið og koma með tillögur að breytingum eða úrbótum og skrásetja þær jafnóðum. Farið var vel yfir dagskipulagið, það metið og niðurstöður lagðar fram. Sama var gert við skóladagatal leikskólans, farið var vel yfir og rætt um hvern viðburð fyrir sig og sameiginleg ákvörðun tekin um tillögur til breytinga eða ekki fyrir næsta skólaár.

- **Hvenær/ hve oft verður metið (skipulag matsins)?**

Skólaárið var metið jafnóðum yfir veturinn; á deildarstjórafundum (einu sinni í viku), á starfsmannafundum/skipulagsdögum, á deildarfundum (ca 12 sinnum yfir árið), í þeim ráðum og nefndum sem eru starfandi í leikskólanum hverju sinni og að auki í daglegum samskiptum starfsmanna. Nefndir leikskólans eru: Vináttuverkefnið Blær, spjaldtölvunefnd, umhverfisráð, heilsueflandi vinnustaður, móttökuáætlun/endurmat, fundir þroskaþjálfra og sérkennslustjóra, Brúin/lausnarteymi leikskólans, umsjón með sjúkraskápum og fiskabúri, ferðanefnd og skemmtinefnd starfsmanna.

- **Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta?**

Við notum heimagerðar matsaðferðir og styðjumst við skólanámsskrá, starfsáætlun, stefnur, áætlanir, dagskipulag og skóladagatal leikskólans. Einnig styðjumst við við foreldra- og starfsmannakannanir og starfsmannasamtöl og vinnum umbótaáætlanir út frá þeim, sjá fylgiskjöl.

- **Hverjir munu taka þátt í matinu?**

Allir starfsmenn taka þátt í mati á leikskólastarfinu. Við gerum það yfirleitt fyrst á deildarstjórafundum, á deildarfundum og svo færast umræðan yfir í starfsmannahópinn þar sem hver deild kynnir sínar niðurstöður og samþykkir allur starfsmannahópurinn síðan **sameiginlegar umbætur og nýbreytni**.

2.2 Húsnæði og lóð

- Starfsmenn á Umhverfis- og skipulagssviði ásamt leikskólastjóra fara einu sinni til tvisvar á ári yfir lóðina og húsið og skrá niður þær umbætur sem nauðsynlega þarf að gera. Í millitíðinni eru allir starfsmenn ábyrgir fyrir því að leiksvæði barnanna séu öruggt yfir daginn. Þörf á viðgerð er þá tilkynnt til leikskólastjóra. Við erum með einfalda daglega skráningu á að lóðin sé í lagi og er það í ábyrgð þess starfsmanns sem er fyrstur út að renna yfir lóðina og skrá að skoðun hafi farið fram á þar til gert eyðublað.
- Starfsmenn leikskólans eru virkir utandyra við að gera ýmsar skemmtilegar breytingar í lóðinni sem henta börnunum og gerir leikinn enn meira áhugaverðan. Að auki eru þeir iðnir við að hirða lóðina sjálfir, hreinsa illgresi, planta trjám og hanna einföld leiktæki fyrir börnin. Þetta síðastnefnda á sérstaklega við leiksvæði elstu barnanna, í Lundi.

2.3 Ytra mat

Skólapúlsinn/starfsmannakönnun var lagður/lögð fyrir starfsmenn í apríl 2023. Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs stóð fyrir könnuninni í samvinnu við Skólapúlsinn. Niðurstaðan var almennt góð, flott þátttaka starfsmanna eða 30 starfsmenn af 34 sem tóku þátt, svarhlutfall 88,2 %. Við þurfum að rýna í nokkur atriði, eins og eigin getu í daglegu skipulagi, símenntun starfsmanna, hljóðvistina, og fjölda barna og þá sérlega á milli deildunum. Starfsmönnum finnst það mætti fækka þeim úr 20 í 18. Drög að umbótaáætlun er í fylgiskjali.

Hafnarfjarðarbær stóð fyrir netkönnun fyrir alla starfsmenn sína. Hún var framkvæmd af Prósent í febrúar/mars 2023. Hér var góð þátttaka eða 31 starfsmaður af 34 tóku þátt. Í öllum þáttum könnunarinnar erum við yfir meðaltali miðað við aðrar starfstöðvar í Hafnarfirði. Við komum bara vel út í starfsánægju, hollustu, tryggð, ímynd, næsta yfirmanni, samstarfi, starfið, starfsskilyrðin (þurfum að rýna í þennan þátt og skilja í hverju vinnuálagið felst til að geta bætt stöðuna), laun og kjör og starfsþróun. Álit starfsmanna minna á stjórnun bæjarins er hins vegar frekar neikvæð. Drög að umbótaáætlun er í fylgiskjali.

Það var engin foreldrakönnun í ár en í foreldrasamtölum vorsins kom fram almenn ánægja með leikskólann og innra starfið og samskipti við starfsmenn væru góð. Foreldrar almennt þakklátir fyrir starfið í leikskólanum og sérlega ánægðir með matseðil leikskólans. En við þurfum alltaf að vera á tánum varðandi upplýsingaflæði til foreldra og munum við passa uppá það á næsta skólaári og hafa það í umræðunni. Foreldrar eru sérlega ánægðir með hvað deildarstjórar eru duglegir að senda þeim daglega myndir úr starfinu í gegnum Karellen.

3. Áherslur í starfi leikskólans árið 2023-2024

3.1 Áherslur leikskólans fyrir næsta skólaár 2023-2024 eru eftirfarandi:

- Kjósa í þverfaglega nefnd til þess að vinna í að uppfæra **Skólanámskrá leikskólans**. Kosið verður í nefndina á fyrsta haustfundi starfsmanna, 2023. Fara rólega af stað þar sem frá var horfið.
- Gefa út nýtt **Skóladagatal vor 2023**.
- Gefa út nýja **Starfsáætlun í júlí 2023/ drög send á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs**.
- Gefa út **umbótaáætlun byggða á starfsmannakönnunum og starfsmannasamtölum** vorið 2023.
- **Eftirfylgni og þróun á** aðferðafræði **Snemmtækrar íhlutunar í málörvun leikskólabarna (STÍM)**. Styðjumst fyrst og fremst við handbók leikskólans og farið yfir áherslurnar í STÍM með nýju starfsfólki. Áhersla verður lögð á að auka enn frekar á öryggi og virkni allra starfsmanna þegar kemur að málörvun barna í öllum daglegum aðstæðum og að því að sníða verkferla STÍM að nýju vinnulagi BRÚAR-innar.
- **Endurskipuleggja framkvæmdina á Gefa 10.**
- **Festa í sessi skipulagða hreyfingu/slökun.**
- **Festa í sessi Flæðislestur hjá yngri börnunum.**
- **Skipuleggja alla nefndarfundi fyrir skólaárið 2023-2024 um haustið 2023.**
- **Náms- og kynnisferð starfsmanna til Ítalíu 1.-5. maí 2024.**

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2023

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1,0	Leikskólakennaramenntun
Aðstoðarleikskólastjóri	1	0,75	Leikskólakennaramenntun
Sérkennslustjóri	1	1,0	Leikskólakennaramenntun/master í uppeldis- og menntunarfræðum frá HÍ
Deildarstjórar/leikskólak.	6	5,85	Leikskólakennaramenntun (ein með master í menntunarfræðum frá HÍ)
Leikskólakennarar	9	5,5	Leikskólakennaramenntun/kennaramenntun
Leiðbeinandi A	6	5,94	Háskólamenntun
Leikskólaliði	1	1,0	Borgarholtsskóli
Leikskóla-og frístundaliðar	8	6,74	Ýmis menntun: grunnskólapróf, stúdentspróf, önnur menntun
Matreiðslumaður	1	1,0	Matreiðslupróf/MATVÍS
Aðstoð í eldhúsi	1	1,0	Háskólamenntuð
Þroskaþjálfari	1	0,8	Þroskaþjálfamenntun
	34	30,58	

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri ásamt aðstoðarleikskólastjóra skipulögðu og skiptu með sér starfsmannasamtölum og tóku þau öll í maí/júní 2023. Viðtölin voru boðuð skriflega með nokkurra daga fyrirvara og fóru þau að mestu fram á kaffistofu starfsmanna. Samtölin eru ætluð til starfsþróunar þar sem starfsmenn setja fram óskir um símenntun/fræðslu. Einnig er rætt um starfið í leikskólanum, hvernig starfsmanni gangi í starfi, um líðan starfsmanns og væntingar, um samstarf/samskipti hans við samstarfsfélaga og samskipti við börn og foreldra þeirra. Eftir viðtölin taka leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri saman niðurstöður, vinna úr þeim og leggja fyrst fyrir deildarstjóra og síðan fyrir alla starfsmenn leikskólans á starfsmannafundi haust 2023.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Við lögðum áherslu á að starfsmenn nýttu sér þau tilboð sem **Skrifstofa mennta-og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar** byðu uppá fyrir skólaárið **2022-2023**. Engin námskeið stóðu þó til boða þetta árið. Sumir leikskólakennarar voru duglegir að nýta sér fræðslu á netinu í gegnum teams. Einnig sérkennslustjóri og starfandi þroskaþjálfari sem sóttu vörðstefnu RGR á teams.

Almennt hafa starfsmenn nýtt sér nýtt efni á WP-síðu Hafnarfjarðar.

Leikskólinn bauð uppá fræðslu fyrir alla starfsmenn haustið 2022:

- Á skipulagsdegi 19. september buðum við upp á kynningu á Beanfee (baunalaun), hugbúnaði sem notaður er til þjálfunar á jákvæðri hegðun barna. Helgi S. Karlsson sálfræðingur/verkefnisstjóri innleiðingar á Beanfee og Kolbrún Sigbórsdóttir, félagsráðgjafi/verkefnisstjóri PMTO, komu og kynntu.
- Á skipulagsdegi 14. nóvember 2022 buðum við öllum starfsmönnum á Saga Story House/ lífsgæði í leikskólastarfi/núvitund og næring í starfi/Yoga Nidra djúpslökun.

4.4 Áætlun (óskir starfsmanna) um símenntun í leikskólanum fyrir 2023-2024:

- Starfsmenn eru hvattir til að sækja námskeið á vegum **Skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar 2023-2024.**
- Starfsmenn eru hvattir til að fylgjast sjálfir með námskeiðum á vegum EHI og óska eftir því við leikskólastjóra að sækja námskeið.
- **Barnaheillanámskeið, grunnnámskeið Blær**
- **Lubba-námskeið**
- **TRAS-námskeið**
- **Námskeið á vegum RGR**
- **Íslenskunámskeið /Dósaverksmiðjan, MÍMIR**
- **Sækja námsskeið á workeplace**
- **Nýir starfsmenn fá kynningu og leiðbeiningu um aðferðafræðina Að næra hjartað/ Umhverfismennt í leikskólanum. Leikskólastjóri, Anna Borg, sér um fræðsluna.**

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí 2023

- Börnin voru 100 í leikskólanum.
- Stúlkurnar voru 45 og drengirnir 55.
- Dvalarstundir voru 1074 klst.
- Deildargildi 5,52.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í **1. flokki var 1 barn og 2. flokki voru 3 börn og í 3. flokki ca 22 börn/málörvun.**
- Fjöldi barna sem voru í hóppjálfun voru u.þ.b. **22 talsins**, þetta voru aðallega börn með frávík í málþroska.
- Fjöldi barna með ofnæmi voru 6.
- Fjöldi barna með fæðuóþol voru 4 (mjólk, sítrusávéxtir).
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku voru **13 talsins**.
- Fjöldi tungumála, fyrir utan íslensku, **voru 9**.
- Þjóðerni forsjáraðila eru frá: Póllandi, Rússlandi, Danmörku, Shri Lanka, Litháen, Slóveníu, Serbíu og Nígeríu.

5.2 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð:**
Foreldraráð samanstendur af þremur foreldrum sem sitja jafnframt í stjórn Foreldrafélagsins, þar sem 7 fulltrúar foreldra sitja ásamt leikskólastjóra. Foreldraráð er kosið sérstaklega á aðalfundi félagsins sem er á haustin samkvæmt lögum félagsins. Foreldraráð fundar eftir þörfum, þ.e. þegar gögn berast frá leikskólanum til yfirlestrar og umræðu. **Í síðasta skólaári var ekki starfandi foreldrafélag en foreldraráðið fékk send gögn sem þau þurftu að lesa yfir og samþykkja með undirskrift sinni.**
- **Foreldrafélag:**
Foreldrafélag er starfsrækt í leikskólanum og eru sjö fulltrúar kosnir í stjórn þess á aðalfundi félagsins á hverju hausti samkvæmt lögum félagsins. Kosið er til tveggja ára í senn. Stjórn Foreldrafélagsins hittist venjulega nokkrum sinnum á ári. **Foreldrafélagið var ekki starfandi á síðasta vetur..**
Foreldrafélagið sér um eða styður við nokkra viðburði á ári fyrir utan skólatíma. Hefð er fyrir brúðuleikshússýningu í nóvember/desember, félagið sér um kostnað við sýninguna. Foreldrafélagið stendur straum af kostnaði á jólasveini á jólaböllum leikskólans. Á hverju vori stendur félagið staðið fyrir fræðslu fyrir foreldra.
- **Foreldrafundir/foreldrasamskipti:**
Foreldrafundir á vegum leikskólans eru venjulega einu sinni á ári á haustin þar sem farið er yfir starfsáætlun leikskólans og starfsemi deildanna á komandi skólaári. Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti við foreldra dagsdaglega. Til að kynnast foreldrum enn frekar en á fundum, þá bjóðum við þeim upp á reglubundna samveru yfir árið (sjá skóladagatalið). Þeim er boðið í „Vinagöngu“ í nóvember, í „Jólastund foreldra“ í desember, í nónhressingu á „Degi leikskólanna“ í febrúar og á Sumarhátíð leikskólans í júní. Það er alltaf heitt á könnunni, í morgunsárið, í Lundi, svo foreldrar geti staldrað við og spjallað og átt ánægjulega stund með

börnum sínum í upphafi dags.

Foreldrasamtöl:

Foreldrasamtöl eru venjulega tvisvar á ári, stutt samtál eftir TRAS skráningu og lengra samtál sex mánuðum síðar. Þá eru foreldrar boðaðir skriflega með ákveðinni dagsetningu og tíma í samtál. Fagfólk leikskólans ber ábyrgð á samtölunum og taka þau ásamt reynslumeiri starfsmönnum. Foreldrar eða deildarstjórar geta óskað eftir fleiri samtölum ef þurfa þykir á skólaárinu.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Samvinna milli Engidalsskóla og Norðurbergs hefur verið í föstum skorðum þó með okkar frumkvæði og hefur verið það til margra ára.

Áætlun vetrarins er unnin á haustin þegar leikskólakennarar elstu barna leikskólans og kennarar fyrstu bekkjar grunnskólans hittast og gera grófa áætlun um samstarfið á komandi vetri.

- **Áætlun fyrir 2023-2024 verður líklega eftirfarandi (birt með fyrirvara):**
- **Október:** Skólaheimasókn í Engidalsskóla og fyrsti bekkur kemur í heimsókn á gömlu deildina sína í Lundi.
- **Nóvember:** Dagur íslenskrar tungu, 4. bekkur úr Engidalsskóla kemur í leikskólann og les upp ljóð og sögur fyrir börn leikskólans. Samsöngur í lok samveru.
- **Desember:** Elstu börnum leikskólans er boðið í helgileik Víðistaðakirkju.
- **Janúar:** Heimsókn elstu barnanna í bókasafnið í Engidalsskóla.
- **Febrúar - apríl:** Heimsókn elstu barnanna í Engidalsskóla, sækja kennslustundir og frímínútur.
- **Mái: Vorskóli** þar sem foreldrar (og leikskólakennarar) skiptast á að vera með börnunum í kynningu og kennslustund. Einnig hefur verið boðið upp á leikjadag fyrir börnin á báðum skólastigum.

5.4 Almennar upplýsingar

Sameiginlegir skipulagsdagar á næsta skólaári með leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar eru eftirfarandi: **13/11 2023 og 26/2 2024.** (sjá skóladagatal)

- **Skipulagsdagar einöngu fyrir leikskólann** Norðurbergi eru eftirfarandi: **18/9 2023 og 2/5 -3/5 2024** (sjá skóladagatal). Áætluð námsferð starfsmanna erlendis verður 1/5-5/5 2024.
- **Morgunfundir (einn skipulagsdagur) starfsmanna verða: 21/8 og 16/10 2023, 8/1 og 18/3 2024.**

5.5 Áætlanir

Eftirfarandi áætlanir eru á heimasíðu leikskólans :

[Starfsáætlun 2023-2024](#)

[Skóladagatal 2023-2024](#)

[Starfsáætlun 2022-2023](#)

[Skóladagatal 2022-2023](#)

[Umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar 2022](#)

[Umbótaáætlun vegna starfsmannakönnunar 2022](#)

[Starfsaðferðir leikskólans í útikennslu](#)

[Lausnarþeymi / Brúin /eyðublöð](#)

[Starfsáætlun 2021-2022](#)

[Starfsáætlun 2019-2020](#)

Aðrar eldri áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðunni.

Aðrar áætlanir:

[Móttökuáætlun 2017](#)

[Informacje dla rodziców 2012](#)

[Information for parents 2012](#)

[Jafnréttisáætlun 2019-2023](#)

[Starfsaðferðir leikskólans við kynferðisofbeldi á börnum](#)

[Starfsaðferðir leikskólans við ofbeldi á börnum](#)

[Áætlun gegn einelti 2012](#)

[Áfallaáætlun 2010](#)

[Rýmingaráætlun 2010](#)

[Slysa- og brunaverkferlar 2010](#)

Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Viðbragðsáætlun vegna öskufalls 2010

Viðbragðsáætlun almannavarna 2009

Fylgirit:

- Leikskóladagatal 2023-2024
- Umbótaáætlun vegna starfsmannakannana 2023
- Greinagerð með umsókn um Grænfána 2022-2023
- Endurgjöf Landverndar vegna Grænfána 2023
- Jafnréttáætlun 2019-2023
- Umsögn foreldraráðs v/starfsáætlunar 2023-2024/**kemur síðar í ágúst 2023**

Hafnarfirði 14.07.2022

Anna Borg Harðardóttir
Leikskólastjóri